

2401002
006.1

52. fundur framkvæmda- og veitunefndar haldinn í Aratungu, Reykholti, föstudaginn 21. júní 2024, kl. 09:00.

Fundinn sátu:

Stefanía Hákonardóttir, Helgi Kjartansson, Jón Forni Snæbjörnsson, Ásta Stefánsdóttir, Benedikt Skúlason og Kristófer Arnfjörð Tómasson.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. Orkuöflun Laugarvatni - 2405025

Tilboð í borun á Laugarvatni (opnun 20. júní)

Tvö tilboð bárust í borun vinnsluholu á Laugarvatni. Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda, Ræktunarsambands Flóa og Skeiða kr. 35.787.867. Kostnaður rúmast innan fjárhagsáætlunar.

2. Orkuöflun Reykholti (Tungurimi) - 2403015

Tilboð í borun í Reykholti (opnun 20. júní)

Tvö tilboð bárust í borun vinnsluholu í Reykholti. Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda, Ræktunarsambands Flóa og Skeiða, kr. 50.391.623. Kostnaður rúmast innan fjárhagsáætlunar.

3. Vatnslögn að sumarhúsi í landi Brúar - 1810058

Hugmynd að lagnaleið (vatnsveita) að sumarhúsi í landi Brúar.

Kristófer A. Tómasson, sviðsstjóri, gerði grein fyrir mögulegri lagnaleið að sumarhúsinu. Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir að kostnaðarmeta framkvæmdina.

4. Rýmisþörf leikskólans Álfaborgar - 2405033

Þörf leikskólans Álfaborgar fyrir aukið rými, til umræðu á 362. fundi sveitarstjórnar.

Til skoðunar hafa verið þrjú kostir varðandi þörf leikskólans fyrir meira húsrými. Í fyrsta lagi varanleg viðbygging á byggingarreit sem er fyrir hendi. Í öðru lagi færanleg kennslustofa sem yrði staðsett við leikskólann og í þriðja lagi að tímabundið verði vandinn leystur með því að elstu leikskólabörn nýti húsnæði með frístund í Mosum, og hefur sveitarstjórn samþykkt síðastnefndu lausnina fyrir komandi skólaár, en falið framkvæmda- og veitunefnd að leita annarra lausna til lengri tíma.

Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir að leggja til við sveitarstjórn að leitað verði til hönnuðar hússins varðandi skoðun á mögulegum leiðum til lausnar.

5. Rýmisþörf leik- og grunnskóla Bláskógabyggðar - 2204023

Niðurstöður starfshóps um rýmisþörf leik- og grunnskóla (Bláskógakóli og Reykholtsskóli) til umræðu á 362. fundi sveitarstjórnar.

Handwritten signatures and initials in blue and red ink.

Í afgreiðslu sveitarstjórnar frá 15. nóvember sl var samþykkt að undirbúningur að umbótum hvað varðar húsnæði Reykholtsskóla og Bláskógaskóla Laugarvatni verði hafinn ekki seinna en eftir þrjú ár. Á 362. fundi sveitarstjórnar 19. júní sl var samþykkt að flýta þessari vinnu. Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir að leggja til við sveitarstjórn að samhliða skoðun á möguleikum hvað varðar rýmisþörf Álfaborgar verði samið við VA-arkitekta að meta möguleika til betri nýtingar núverandi skólahúsnæðis og skoða leiðir til úrlausna með breytingum eða viðbyggingum.

6. Hönnun útisvæðis sundlaugar Reykholti - 2301060

Frumhönnun útisvæðis, ákvörðun sveitarstjórnar til kynningar.

Á 362. fundi sveitarstjórnar 19. júní sl var samþykkt að semja við Verkís og VA-arkitekta um frumhönnun útisvæðis. Frumhönnun tekur til um 40% af heildarverkefninu og munu niðurstöður liggja fyrir í október, ásamt kostnaðaráætlun fyrir fjárhagsáætlunarvinnu komandi árs.

7. Eftirlitsskýrslur HES 2024 - 2404078

Eftirlitsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Suðurlands frá 14.05.2024 vegna reglubundins eftirlits á opnu leiksvæði í Laugarási.

Skýrslan var lögð fram. Sviðsstjóri vinnur að úrbótum í samræmi við athugasemdir.

8. Skilagrein sorphirðu fyrir árið 2023 - 2406017

Skilagrein sorphirðu fyrir árið 2023

Skilagreinin var lögð fram.

9. Greiðslur vegna sérstakrar söfnunar - 2306003

Tilkynning Úrvinnslusjóðs, dags. 13.06.2024, um uppgjör vegna ársins 2023 fyrir sérstaka söfnun.

Upplýsingar frá Úrvinnslusjóði voru lagðar fram.

10. Útboð snjómoksturs 2024 - 2406020

Tillaga sviðsstjóra framkvæmda- og veitusviðs um skiptingu svæða í snjómokstri

Sviðsstjóri gerði grein fyrir breytingu á skiptingu svæða í snjómokstri. Útboð hefur verið auglýst og verða tilboð opnuð 2. júlí n.k.

11. Göngustígur frá Lindarbraut að Laugarbraut (Lindargarður) - 2308011

Gönguþveranir og lýsing við Lindarbraut og Laugarbraut á Laugarvatni.

Lagðar voru fram teikningar af lýsingu með göngustíg og gönguþverunum við Lindarbraut og Laugarbraut. Lagningu göngustígs er lokið.

12. Deiliskipulag Bergstaða L189399 - 2406024

Deiliskipulag Bergstaða L189399, vísað til framkvæmda- og veitunefndar af sveitarstjórn á 362. fundi

Tillögu að deiliskipulagi Bergstaða var vísað til nefndarinnar á 362. fundi sveitarstjórnar. Tillagan tekur til lands sem er skráð 18,6 ha í landeignaskrá HMS. Deiliskipulagið heimilar byggingu á íbúðarhúsi, gestahúsi og þremur gestahúsum fyrir ferðaþjónustu og

útihús/skemmu. Skipulagið nær til alls landsins og aðkomu að því frá Einholtsvegi (nr. 358). Landið er óbyggt.

Í tillögnum er gert ráð fyrir að byggingar á svæðinu tengist vatnsveitu Bláskógabyggðar. Framkvæmda- og veitunefnd vekur athygli á því að vatnsveita Bláskógabyggðar getur ekki útvegað vatn á svæðið á næstu árum.

13. Tankur fyrir hitaveitu Reykholti - 2406025

Endurnýjun húss yfir tank við dælustöðina í Reykholti, þar sem saman kemur heitt vatn, gufa og bakrás frá gróðurhúsum.

Benedikt Skúlason, veitustjóri, gerði grein fyrir því að byggja þurfi nýtt hús yfir tank við dælustöðina í Reykholti. Frumteikningar liggja fyrir.

Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að verkefnið verði tekið til skoðunar við fjárhagsáætlunarvinnu næsta árs.

14. Vatnsprýstingur á svæði við Drumboddsstaði - 2406026

Tilkynningar um lélegan vatnsprýsting

Farið var yfir stöðu mála varðandi afhendingaröryggi vatns á svæðinu.

Fundi slitið kl. 10:36.



Stefanía Hákonardóttir


Helgi Kjartansson


Jón Forni Snæbjörnsson


Ásta Stefánsdóttir


Benedikt Skúlason


Kristófer Arnfjörð Tómasson